

Árið 2011, föstudaginn 28. janúar, heldur Símon Sigvaldason héraðsdómari dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík.

Fyrir er tekið mál nr. R-73/2011

Krafa saksóknara Alþingis um afhendingu gagna og haldlagningu úr vörslum Þjóðskjalasafns Íslands

Héraðsdómi Reykjavíkur hefur borist krafa Sigríðar J. Friðjónsdóttur saksóknara Alþingis, um að Þjóðskjalasafni Íslands, kt. 710269-1149, verði með vísan til 22. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963 og 2. mgr. 69. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, með úrskurði gert að afhenda saksóknara Alþingis skýrslur eftirfarandi aðila fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, til að unnt verði að leggja á þær hald:

Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands, 27. júlí 2009

Árni Matthías Mathiesen, fjármálaráðherra, 20. maí 2009

Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins og staðgengill ráðuneytisstjóra, einnig formaður stjórnar Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 17. mars 2009

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, 25. mars 2009 og 3. febrúar 2010

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, 8. janúar 2010

Björgvin Guðni Sigurðsson, viðskiptaráðherra, 19. maí 2009

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, 5. mars 2009

Davíð Oddsson, bankastjóri Seðlabanka Íslands og formaður bankastjórnar, 7. ágúst 2009 og 12. ágúst 2009 og 4. janúar 2010

Einar Gunnarsson Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins 4. maí 2009

Einar Þór Harðarson, forstöðumaður útlánaáættu á lögfræðisviði Landsbankans 7. janúar 2010

Eiríkur Guðnason, bankastjóri Seðlabanka Íslands, 26. maí 2009

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), 10. september 2009

Guðmundur Jónssonar, sviðsstjóri lánasviðs Fjármálaeftirlitsins, 10. ágúst 2009

Halldór Jón Kristjánsson, forstjóri Landsbankans, 12. maí 2009

Hannes Júlíus Hafstein, deildarstjóri fjárfestingabanka á lögfræðisviði Landsbankans, 24. ágúst 2009

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, 21. júlí 2009

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, 17. júlí 2009

Ingimundur Friðriksson, bankastjóri Seðlabanka Íslands, 19. mars 2009

Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, 6. janúar 2010

Jón Ásgeir Jóhannesson, athafnamaður og fjárfestir, 18. ágúst 2009

Jón Sigurðsson. stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, bankaráðsmaður og varaformaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, 13. nóvember 2009

Jón Þorsteinn Oddleifsson, forstöðumaður fjárstýringar á verðbréfasviði Landsbankans, 20. ágúst 2009

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjórnar Seðlabanka Íslands, 16. júlí 2009

Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, 6. maí 2009 og 5. nóvember 2009

Jónas Friðrik Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, 23. mars 2009, 6. ágúst 2009, 5. október 2009 og 8. febrúar 2010

Jónína Sigrún Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, 31. mars 2009

Júlíus Steinar Heiðarsson, sérfræðingur í deild eigin fjárfestinga á verðbréfasviði Landsbankans, 14. október 2009

Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lögmaður Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 29. apríl 2009

Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs Landsbankans, 27. janúar 2010

Lárus Finnbogason, stjórnarmaður Fjármálaeftirlitsins, 16. nóvember 2009

Lárus Welding, forstjóri Glitnis 24. mars 2009

Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar Kaupþings 7. september 2009

Páll Gunnar Pálsson Forstjóri Samkeppniseftirlitsins og fyrrverandi forstjóri fjármálaeftirlitsins 25. september 2009

Ragnar Hafliðason Aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, 16. september 2009 og 21. september 2009

Ragnar Öundurson, fyrrverandi forstjóri Mastercard-Kreditkorta hf., 22. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri váttryggingasviðs Fjármálaeftirlitsins, 13. maí 2009

Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands, 8. maí 2009

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, 8. júlí 2009 og 14. júlí 2009

Sigurður Sturla Pálsson, settur framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands 20. júlí 2009

Sigurjón Guðbjörn Geirsson, innri endurskoðun Landsbankans, 7. september 2009

Sigurjón Þorvaldur Árnason, forstjóri Landsbankans, 19. ágúst 2009, 27. ágúst 2009 og 2. september 2009

Silvía Kristín Ólafsdóttir, forstöðumaður viðbúnaðardeildar á fjármálasviði Seðlabanka Íslands, 22. október 2009

Snæbjörn Sigurðsson, sérfræðingur í fjárfestingu, Landsbankinn í Lúxemborg, 14. september 2009

Stefán Ákason, forstöðumaður skuldabréfamiðlunar á sviði markaðsviðskipta Kaupþings, 1. október 2009

Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands og stjórnarmaður, 23. október 2009 Fjármálaeftirlitsins og 13. nóvember 2009

Steingrímur Jóhann Sigfússon, alþingismaður, 16. október 2009

Steinþór Gunnarsson, forstöðumaður verðbréfamiðlunar á verðbréfasviði Landsbankans, 19. október 2009

Sturla Sigurjónsson, sendiherra og ráðgjafi um utanríkismál hjá forsætisráðuneytinu, 17. september 2009

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, 1. október 2009

Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra Íslands í London, 4. maí 2009

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 10. mars 2009

Tryggvi Tryggvason, aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasviðs Landsbanka Íslands, 7. október 2009

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnar Íslands, 30. mars 2009

Vilhlem Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fjárféringar Glitnis og formaður bankaráðs Glitnis, 9. júlí 2009

Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri lífeyrissjóðs verslunarmanna (VR), 22. september 2009

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, 27. maí 2009

Þóra Hjaltsted, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, 5. nóvember 2009

Þórarinn Gunnar Pétursson, staðgengill aðalhaffræðings Seðlabanka Íslands, 4. ágúst 2009

Þórður Örlygsson, forstöðumaður regluvörslu á lögfræðisviði Landsbankans, 24. ágúst 2009 og 1. október 2009

Þórir Örn Ingólfsson, forstöðumaður áhættustýringar á alþjóðasviði Landsbankans, 6. nóvember 2009 og 30. desember 2009

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, 26. maí 2009

Í kröfu saksóknara Alþingis er þess ekki farið á leit að málið verði tekið fyrir án þess að Þjóðskjalasafn Íslands fái vitneskju um fyrirtöku málsins.

Aðild málsins verður með þeim hætti að sóknaraðili málsins verður saksóknari Alþingis en varnaraðili Þjóðskjalasafn Íslands. Um þessa aðild má m.a. vísa til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 59/2006. Leiðir þetta til þess að hvorki Geir H. Haarde, né þeir einstaklingar sem taldir eru upp í kröfugerðinni verða taldir vera varnaraðilar máls þessa.

Mætt er í dóminn Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari Alþingis og leggur fram nr. 1. kröfu, ásamt fylgiskjölum. Saksóknari Alþingis kveðst gera þá breytingu á kröfugerð sinni frá því á skjali nr. 1 að ekki sé lengur gerð krafa um að afhent verði tölvupóstsamskipti Geirs H. Haarde, auk gagna um úrvinnslu þeirra tölvupóstsamskipta.

Af hálfu Þjóðskjalasafns Íslands er mættur í dóminn Gizur Bergsteinsson, hdl.

Í dóminn er mættur Andri Árnason, hrl. skipaður verjandi ákærða. Kveðst hann gera þær kröfur að fá að koma að kröfum í málinu. Ef hann fái komið að kröfum í málinu muni hann gera aðallega kröfu um niðurfellingu máls Alþingis gegn Geir Haarde, þingsályktun 28. september 2010, sbr. þingskjal nr. 1538. Til vara sé gerð krafa um frávísun málsins. Krafa um niðurfellingu sé byggð á því að ekki sé mætt í málinu af hálfu ákæranda. Varakrafa byggi á því að ekki sé löglega staðið að ákæru í málinu. Verjandi ákærða og sækjandi reifa sjónarmið að baki því hvort ákærði fái komið að kröfum í þessu máli. Er málið tekið til úrlausnar um það atriði.

Dómþingi slitið.
Símon Sigvaldason

Árið 2011, miðvikudaginn 2. mars, heldur Símon Sigvaldason héraðsdómari dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík.

Fyrir er tekið mál nr. R-73/2011
Krafa saksóknara Alþingis um afhendingu gagna og
haldlagningu úr vörslum Þjóðskjalasafns Íslands

Í dóminn eru mætt Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, Gizur Bergsteinsson, hdl., lögmaður Þjóðskjalasafns Íslands og Andri Árnason, hrl. skipaður verjandi ákærða Geirs H. Haarde. Er nú kveðinn upp í málinu svofelldur

Ú R S K U R Ð U R:

Héraðsdómi Reykjavíkur hefur borist krafa Sigríðar J. Friðjónsdóttur saksóknara Alþingis um að Þjóðskjalasafni Íslands, kt. 710269-1149, verði með vísan til 22. gr. laga um landsdóm, nr. 3/1963 og 2. mgr. 69. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, með úrskurði gert að afhenda saksóknara Alþingis skýrslur eftirfarandi aðila fyrir rannsóknarnefnd Alþingis, til að unnt verði að leggja á þær hald:

Arnór Sighvatsson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands, 27. júlí 2009

Árni Matthías Mathiesen, fjármálaráðherra, 20. maí 2009

Áslaug Árnadóttir, skrifstofustjóri viðskiptaráðuneytisins og staðgengill ráðuneytisstjóra, einnig formaður stjórnar Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 17. mars 2009

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, 25. mars 2009 og 3. febrúar 2010

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans, 8. janúar 2010

Björgvin Guðni Sigurðsson, viðskiptaráðherra, 19. maí 2009

Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, 5. mars 2009

Davíð Oddsson, bankastjóri Seðlabanka Íslands og formaður bankastjórnar, 7. ágúst 2009 og 12. ágúst 2009 og 4. janúar 2010

Einar Gunnarsson Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins 4. maí 2009

Einar Þór Harðarson, forstöðumaður útlánaáhættu á lögfræðisviði Landsbankans 7. janúar 2010

Eiríkur Guðnason, bankastjóri Seðlabanka Íslands, 26. maí 2009

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), 10. september 2009

Guðmundur Jónssonar, sviðsstjóri lánasviðs Fjármálaeftirlitsins, 10. ágúst 2009

Halldór Jón Kristjánsson, forstjóri Landsbankans, 12. maí 2009

Hannes Júlíus Hafstein, deildarstjóri fjárfestingabanka á lögfræðisviði Landsbankans, 24. ágúst 2009

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, 21. júlí 2009

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, 17. júlí 2009

Ingimundur Friðriksson, bankastjóri Seðlabanka Íslands, 19. mars 2009

Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra, 6. janúar 2010

Jón Ásgeir Jóhannesson, athafnamaður og fjárfestir, 18. ágúst 2009

Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, bankaráðsmaður og varaformaður bankaráðs Seðlabanka Íslands, 13. nóvember 2009

Jón Þorsteinn Oddleifsson, forstöðumaður fjárstyringar á verðbréfasviði Landsbankans, 20. ágúst 2009

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjórnar Seðlabanka Íslands, 16. júlí 2009

Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, 6. maí 2009 og 5. nóvember 2009

Jónas Friðrik Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, 23. mars 2009, 6. ágúst 2009, 5. október 2009 og 8. febrúar 2010

Jónína Sigrún Lárusdóttir, ráðuneytisstjóri viðskiptaráðuneytisins, 31. mars 2009

Júlíus Steinar Heiðarsson, sérfræðingur í deild eigin fjárfestinga á verðbréfasviði Landsbankans, 14. október 2009

Karl Axelsson, hæstaréttarlögmaður og lögmaður Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, 29. apríl 2009

Kjartan Gunnarsson, varaformaður bankaráðs Landsbankans, 27. janúar 2010

Lárus Finnbogason, stjórnarmaður Fjármálaeftirlitsins, 16. nóvember 2009

Lárus Welding, forstjóri Glitnis 24. mars 2009

Lilja Steinþórsdóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar Kaupþings 7. september 2009

Páll Gunnar Pálsson Forstjóri Samkeppniseftirlitsins og fyrrverandi forstjóri fjármálaeftirlitsins 25. september 2009

Ragnar Hafliðason Aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, 16. september 2009 og 21. september 2009

Ragnar Öndurson, fyrrverandi forstjóri Mastercard-Kreditkorta hf., 22. apríl 2009

Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri váttryggingasviðs Fjármálaeftirlitsins, 13. maí 2009

Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur Seðlabanka Íslands, 8. maí 2009

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður Kaupþings, 8. júlí 2009 og 14. júlí 2009

Sigurður Sturla Pálsson, settur framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabanka Íslands 20. júlí 2009

Sigurjón Guðbjörn Geirsson, innri endurskoðun Landsbankans, 7. september 2009

Sigurjón Þorvaldur Árnason, forstjóri Landsbankans, 19. ágúst 2009, 27. ágúst 2009 og 2. september 2009

Silvía Kristín Ólafsdóttir, forstöðumaður viðbúnaðardeildar á fjármálasviði Seðlabanka Íslands, 22. október 2009

Snæbjörn Sigurðsson, sérfræðingur í fjárstýringu, Landsbankinn í Lúxemborg, 14. september 2009

Stefán Ákason, forstöðumaður skuldabréfamiðlunar á sviði markaðsviðskipta Kaupþings, 1. október 2009

Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands og stjórnarmaður, 23. október 2009
Fjármálaeftirlitsins og 13. nóvember 2009

Steingrímur Jóhann Sigfússon, alþingismaður, 16. október 2009

Steinþór Gunnarsson, forstöðumaður verðbréfamiðlunar á verðbréfasviði Landsbankans, 19. október 2009

Sturla Sigurjónsson, sendiherra og ráðgjafi um utanríkismál hjá forsætisráðuneytinu, 17. september 2009

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, 1. október 2009

Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra Íslands í London, 4. maí 2009

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, 10. mars 2009

Tryggvi Tryggvason, aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasviðs Landsbanka Íslands, 7. október 2009

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnar Íslands, 30. mars 2009

Vilhelm Már Þorsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar Glitnis og formaður bankaráðs Glitnis, 9. júlí 2009

Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri lífeyrissjóðs verslunarmanna (VR), 22. september 2009

Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður Glitnis, 27. maí 2009

Þóra Hjaltested, lögfræðingur í viðskiptaráðuneytinu, 5. nóvember 2009

Þórarinn Gunnar Pétursson, staðgengill aðalhogfræðings Seðlabanka Íslands, 4. ágúst 2009

Þórður Örlygsson, forstöðumaður regluvörslu á lögfræðisviði Landsbankans, 24. ágúst 2009
og 1. október 2009

Þórir Örn Ingólfsson, forstöðumaður áhættustýringar á alþjóðasviði Landsbankans, 6. nóvember 2009
og 30. desember 2009

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, 26. maí 2009

Mál þetta var tekið til úrskurðar í þinghaldi 28. janúar sl. um þá kröfu ákærða, Geirs H. Haarde, að fá komið að dómkröfum í málinu. Vísar verjandi ákærða til þess að með þingsályktun frá 28. september 2010, sbr. þingskjal nr. 1538, hafi verið höfðað mál á hendur ákærða. Í lögum nr. 3/1963 og lögum nr. 88/2008 sé gert ráð fyrir þeirri meginreglu að sakborningur eigi þess kost að sækja dómþing eftir að ákæra er gefin út og gæta þar réttar síns. Þar sem búið sé að höfða mál á hendur ákærða eigi ákærði að geta gætt réttar síns í hvítna, þ. á m. að geta komið að dómkröfum í þessu máli. Verði svo muni hann aðallega gera kröfu um niðurfellingu máls Alþingis gegn Geir H. Haarde, en líta verði svo á að ekki sé löglega sótt þing af hálfu ákæruvalds. Þar sem

dregist hafi að skipa saksóknara í málinu bresti saksóknara Alþingis vald til að fara með málið og verði að líta svo á að ekki sé mætt af hálfu ákærvaldsins í því á dómþingi. Beri því að fella málið niður með vísan til 160. gr. laga nr. 88/2008. Um þá niðurstöðu megi m.a. vísa til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 492/2005. Varakrafa verjanda verði um frávísun málsins, byggt á því að ekki hafi löglega verið staðið að ákæru í málinu.

Saksóknari Alþingis hefur mótmælt því að ákærði fái komið að dómkröfum í málinu. Mál þetta taki til úrskurðar á rannsóknarstigi máls og eigi ákærði ekki aðild að því.

Með þingsályktun frá 28. september 2010, sbr. þingskjal nr. 1538, hefur Alþingi kveðið á um málshöfðun gegn ákærða, sbr. 13. gr. laga nr. 3/1963. Lög nr. 3/1963 mæla fyrir um afmarkaðar réttarfarsreglur við meðferð mála samkvæmt lögnum en vísa að öðru leyti til laga nr. 88/2008 um meðferð máls fyrir landsdómi. Lög nr. 3/1963 gera ráð fyrir að ákærðum manni verði skipaður verjandi svo fljótt sem verða má, sbr. 15. gr. laganna og á hann rétt á að vera viðstaddur öll dómþing í málinu, sbr. 17. gr. laganna. Hefur ákærða verið skipaður verjandi.

Álitaefni í máli þessu lýtur að því hvort ákærði eigi lögvarinn rétt á, eftir að þingsályktun á þingskjali nr. 1538 liggur fyrir og ákærða verið skipaður verjandi, að sækja öll dómþing í málinu, láta málið til sín taka og halda þar með uppi vörnum varðandi þau álitaefni sem til meðferðar eru. Meginregla laga nr. 88/2008 er sú að almennt er ekki gert ráð fyrir að grunuðum manni eða þeim sem á þá hagsmuni sem rannsókn beinist að sé gefinn kostur á að láta mál til sín taka meðan það er til rannsóknar. Hefur verið talið að andstæð regla verði hvorki leidd af 70. gr. stjórnarskrár né 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Um þetta efni má vísa til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 59/2006, sem kveðinn var upp í tíð eldri réttarfarslaga. Ný réttarfarslög kveða á um samhljóða meginreglu.

Af 19. gr., sbr. 24. gr., laga nr. 3/1963 verður ráðið að saksóknari Alþingis gefi út ákæru í máli sem birt verður ákærða samhliða stefnu, sem svarar til fyrirkalls eftir ákvæðum laga nr. 88/2008. Skal ákæruskjal fullnægja fyrirmælum laga nr. 88/2008, sbr. 24. gr. laga nr. 3/1963 i.f. Eftir það hefst eiginleg málsmeðferð fyrir landsdómi, en um hana er mælt fyrir um í 24. gr. til og með 39. gr. laga nr. 3/1963. Af dómi Hæstaréttar í máli nr. 59/2006 leiðir að meðan mál er á rannsóknarstigi verður sakborningi ekki gefinn kostur á að láta málið til sín taka, nema í lögum sé sérstaklega mælt á annan veg. Sakamál er þingfest fyrir dómi þegar ákæra og önnur málsgögn af hálfu ákærvalds eru lögð fram á dómþingi, sbr. 158. gr. laga nr. 88/2008. Að sínu leyti er samsvarandi ákvæði að finna í lögum nr. 3/1963, en samkvæmt 24. gr. laganna þingfestir saksóknari Alþingis mál fyrir dóminum og leggur m.a. fram stefnu og

ákæruskjal, að liðnum fresti samkvæmt 18. og 19. gr. laganna, en landsdómur kemur þá saman. Þingfesting sakamáls markar þau þáttaskil í meðferð máls að allar undanfarandi aðgerðir tengdar meðferð málsins lúta að meðförum þess á rannsóknarstigi. Mál Alþingis gegn ákærða hefur ekki verið þingfest fyrir landsdómi. Af þessu leiðir að beiðni saksóknara Alþingis í málinu lýtur að aðgerðum á rannsóknarstigi málsins. Snýr beiðnin að afhendingu gagna og haldlagningu úr vörslu Þjóðskjalasafns Íslands. Um lagarök í því efni er vísað til 22. gr. laga nr. 3/1963, sbr. 2. mgr. 69. gr. laga nr. 88/2008. Er það niðurstaða dómsins að lög mæli ekki fyrir um að ákærði eigi aðild að þeirri rannsóknaraðgerð. Getur hann því ekki komið að kröfum í máli um það efni og verður kröfum hans um það efni því hafnað.

Þar sem ekki er augljóst hvort framangreind niðurstaða héraðsdóms sætir kæru til landsdóms, sbr. 22. gr. laga nr. 3/1963, sbr. 192. gr. laga nr. 88/2008, er kveðið á um niðurstöðu þessa álitaefnis í úrskurði.

Ekki hefur verið gerð krafa um þóknun af þessum þætti málsins.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hafnað er kröfu ákærða, Geirs H. Haarde, um að ákærði fái komið að dómkröfum í máli sóknaraðila, saksóknara Alþingis, gegn varnaraðila, Þjóðskjalasafns Íslands, um afhendingu tilgreindra gagna í vörslum varnaraðila.

Símon Sigvaldason

Úrskurðarorðið er lesið í réttinum í heyranda hljóði að viðstöddum saksóknara Alþingis, lögmanni Þjóðskjalasafns Íslands og verjanda ákærða. Verjandi ákærða kveðst vilja taka sér kærufrest í málinu. Vill hann jafnframt að bókað verði að þau atriði er kröfugerð hans lýtur að séu atriði sem dómara beri jafnframt að gæta að ex officio samhliða því að hann tekur afstöðu til aðildar í málinu.

Sækjandi vill færa til bókar að ekki sé á valdsviði héraðsdóms að úrskurða um formsatriði þessa máls, sbr. 22. gr. laga nr. 3/1963. Þar sé tiltekið hvaða úrlausnarefni eigi undir héraðsdóm á grundvelli laganna. Sé það landsdóms að úrskurða um þau álitaefni er verjandi ákærða hefur teflt fram til grundvallar kröfugerð sinni eftir þingfestingu málsins í landsdómi. Þá telji sækjandi að úrskurður þessa máls sé ekki kæránlegur til landsdóms, sbr. 22. gr. laga nr. 3/1963.

Dómþingi slitið

Símon Sigvaldason

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómur Reykjavíkur 2. febrúar 2014.

